



TÓNSKÓLINN
Í REYKJAVÍK



EDDA AUSTMANN, SKÓLASTJÓRI

KENNARA- HANDBÓK

Tónskólinn í Reykjavík hefur verið starfræktur frá 1991, lengst af í aðalstarfstöðvum í Hverafold 5, en bar titilinn Tónlistarskólinn í Grafarvogi fram til 16. október 2024. Kennsla fer einnig fram í grunnskólum, lengst í Rimaskóla og Húsaskóla á skólatíma. Árið 2021 var aukið við kennslu í grunnskólum og nú er kennt í Foldaskóla, Engjaskóla, Borgaskóla, Víkurskóla, Ártúnsskóla, Dalskóla, Ingunnarskóla, Sæmundarskóla, Fossvogsskóla, Bústaðakirkju og Grafarvogskirkju. Í Fossvogsskóla, Dalskóla, Engja- og Borgaskóla er einnig kennt á frístundatíma. Kennt er á píanó, gítar, fiðlu, víólu, selló, þverflautu, söng og harmóníku. Nemendur 10 ára og eldri sækja jafnframt tónfræðigreinar. Starfræktar eru nokkrar hljómsveitir: strengjasveit, gítarsveitir og aðrar samsettar sveitir eða samspilshópar.

Forskólinn var endurvakinn árið 2019 og fór kennsla mestmegnis fram strax að loknum skóladegi tvisvar í viku, í Rimaskóla, Sæmundarskóla, Dalskóla og Hverafold. Haustið 2022 voru gerðar breytingar á forskólanum svo nú er kennt einu sinni í viku, lengur í senn á tveimur stöðvum, Grafarvogskirkju og Bústaðakirkju. Forskólabörn og sönghópar mynda svo tvo kóra, Barna- og unglingakór Grafarvogs og Barnakór Fossvogs.

Kennt er eftir Aðalnámskrá tónlistarskóla en námið er einstaklingsmiðað leiðsagnarnám. Markmiðið er að gefa sem flestum nemendum tækifæri til að læra að leika á hljóðfæri, skapa tónlist og njóta hennar. Kennarar aðstoða nemendur við markmiðasetningu og að ná mælanlegum árangri. Nemendur leika á tónfundum og tónleikum, þreyta ýmist vorpróf eða stigspróf þar til þau eru tilbúin að ljúka grunn-

mið-, eða framhaldsprófi. Skólinn undirbýr nemendur fyrir tónlistariðkun uppá eigin spýtur sem og frekara nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi.

Skólinn hefur mikið vægi meðal menningarmiðstöðva í nærumhverfi starfstöðva og lífgar tónlistarlífið. Tónleikar og aðrar uppákomur eru títt á dagskrá yfir veturinn og nemendum gefinn kostur á að koma reglulega fram.

NEMENDUR OG KENNARAR

Nemendafjöldi skólans hafði náð 180 þegar skólinn leið skerðingar eftir hrun og skorið var niður á annað stöðugildi til skólans. Vorið 2019 var fjöldi nemenda kominn niður í 150 og enginn forskóli starfræktur. Eftir endurreisn forskólans og aukna kennslu út í grunnskólum er nemendafjöldinn kominn í 270. Fjöldi kennara hefur verið kringum 20. Kennarar skólans eru allir mjög vel menntaðir og með mikla starfsreynslu.

Skólastjóri

Edda Austmann gegndi starfi aðstoðarskólastjóra frá árinu 2022 við hlið Sigríðar Árnadóttur en tók við starfi skólastjóra árið 2023. Áður var Edda deildarstjóri og kennari forskólans sem hún endurreisti árið 2019.

Edda hefur lokið meistaraprófi í söng og tónlist og söngkennaraprófi frá Royal Academy og Music og Royal Conservatoire of Scotland. Hún lauk síðar meistaraprófi í markaðsfræðum og alþjóðaviðskiptum frá Háskóla Íslands og kennsluréttindum frá Listaháskóla Íslands. Edda starfaði sem verkefnastjóri og síðar markaðstjóri Hörpu á árunum 2011-2019 en þar á undan var hún tónmenntakennari og kórstjóri í Snælandsskóla og söngkennari í Sönglist, söng- og leiklistarskóla í Borgarleikhúsinu. Edda syngur reglulega einsöng við kirkjulegar athafnir og með kammerkór en söng áður hjá Íslensku óperunni, Zurich óperunni og Garsington óperunni.



Kennarar

Andrew J. Yang	píanó
Antonia Hevesi	píanó og meðleikur

Arndís Björk Ásgeirsdóttir	píanó
Auður Guðjohnsen	forskóli og söngur
Auður Hafsteinsdóttir	fiðla og strengjahljómsveit
Francisco Javier Jáuregui	gítar
Grétar Geir Kristinsson	gítar
Gunnar Karel Másson	tón- og hljómfræði, tónheyrn og saga
Hafdís Kristinsdóttir	píanó
Halldór Pétur Davíðsson	harmóníka
Jónas Sen	píanó
Katrin Heymann	píanó og þverflauta
Kristofer Hlífur Gíslason	gítar og píanó
Matthías Stefánsson	fiðla
Petia Benkova	píanó
Rakel Axelsdóttir	tónfræði og tónheyrn
Sævar Helgi Jóhannsson	píanó
Valdís Gregory	forskóli, verkefnastjórn
Victoria Tarevskaia	selló og píanó

Skólastig

Árlega ljúka 12 - 18 nemendur áfangaprófi. Í kringum 4% nemenda eru á framhaldsstigi, 10% á miðstigi, 62% á grunnstigi og 24% á forskólastigi. Hér fyrir neðan má sjá skiptingu milli deilda vorið 2024. Strákum hefur farið örlítið fjölgandi sem er ánægjulegt en markmiðið er að fjölga þeim enn frekar með bættu framboði á rytmísku námi. Dreifing kennslu eftir hverfum sýnir að stækkun skólans verður til með kennslu í Grafarholti, Úlfarsárdal og Fossvogi.



VIÐBURÐIR SKÓLAÁRSINS

Kennarar skólans hefja iðulega skólaárið með því að sækja svæðisþing tónlistarskólanna sem gefur tóninn fyrir skólaárið. Kennarar stilla svo saman strengi með skólastjóra á hádegisverðarfundum fjórum til sex sinnum yfir árið. Starfsdagar nýtast mest í skipulag innan og utan skóla, í ráðstefnur og fræðslu. Í lok nóvember er haldinn jólafögnuður og vorfögnuður í maí. Hefð er fyrir námsferðum erlendis annað hvort ár í lok skólaárs.

Tónskólinn í Reykjavík tekur virkan þátt í ótal hátíðarhöldum yfir skólaárið. Meðal annars Unglist, jólahátíðum, Barnamenningarhátíð, Upplstrarhátíðinni í Grafarvogskirkju, Nótunni, listahátíðum, æskulýðsdögum og vorhátíðum. Nemendur skólans komu fram á yfir 60 viðburðum, tónleikum og tónfundum skólaárið 2023-24. Metnaður stendur til að fjölga viðburðum og viðburðastöðum með uppákomum í félags- og hjúkrunarheimilum aldraðra, fleiri menningarhúsum, Unglist í byrjun nóvember og með fleiri uppákomum innan grunnskólanna í samstarfi við tónmenntakennara.

Viðburðir 2023-2024

15. október	Listahátíð barna í Bústaðakirkju. Tvennir tónleikar.
7.- 24. nóvember	12 tónfundir nemenda
29. nóvember	Framhaldspróf Ólafar Maríu Steinarsdóttur á þverflautu.
3. desember	Aðventumessa Bústaðakirkju. Nemendur leika á hljóðfæri.
3. desember	Aðventuhátíð Bústaða-og Grafarvogskirkju. Kórar skólans syngja.
9. desember	9 jóla-örtónleikar í Menningarhúsinu Spöng.
12. og 15. Des.	Tvennir jólatónleikar í Menningarhúsinu í Úlfarsárdal.
10. desember	Aðventumessur í Bústaða- og Grafarvogskirkju. Nemendur leika.
12.- 15. desember	Tvennir jólatónleikar í sal skólans.
16. desember	Kórar skólans syngja á jólatónleikum með kórum Grafarvogskirkju.

17. desember	Aðventumessur í Bústaða- og Grafarvogskirkju. Nemendur leika.
22.- 27. janúar	Uppbrotsvika. Haldin voru 29 námskeið í vikunni.
3. mars	Æskulýðsdagurinn í Bústaða- og Grafarvogskirkju. Kórar skólans syngja.
8. mars	Áfangapróf.
12. mars	Fyrsta hljómsveitaræfing fyrir leikskólaverkefni.
18. mars	Upplestrarhátíð í Grafarvogskirkju. Nemendur leika.
19. mars	10 leikskólar í Reykjavík heimsækja tónlistarskólann að æfa fyrir Regnboga meistarans og fá hljóðfærakynningu.
19. og 21. mars	Áfangapróf.
12.- 30. apríl	6 tónfundir nemenda
13. apríl	Nótan í Salnum Kópavogi. Þrír nemendur leika einleik.
20. apríl	Krakkadagurinn í Hörpu, 10 nemendur skólans koma fram.
22. apríl	Lokaæfing forskólabarna með hljómsveit í Grafarvogskirkju.
24. apríl	Regnbogi meistarans. Tvennir tónleikar í Grafarvogskirkju.
11. maí	Þrennir vortónleikar í Grafarvogskirkju.
12. maí	Vorhátíðir í Bústaða- og Grafarvogskirkju og útvarpsmessa. Kórar skólans syngja.
14. og 23. maí	Áfangapróf.
15.- 27. maí	6 vortónleikar í sal skólans.
27.- 31. maí	Vorpróf og afhending vitnisburða.
maí og júní	Nýir kennarar ráðnir inn. Leikskólaheimsóknir. Lok endurinnritunar og innritunar. Samskipti við skólastjóra grunnskóla með kennslustöðvar. Endurbætur á skólahúsnæði.

Uppbrotsdagar

Stytting vinnuviku var innleidd haustið 2022. Kennarasambandið var ráðgefandi um hvernig hún skyldi útfærð svo nemendur yrðu ekki af kennslustundum. Tónlistarskólastjórar á landinu voru flestir sammála um bjóða upp á uppbrotsdaga þar sem nemendum gefst tækifæri til að sækja námskeið sem bætir þeim upp tíma vegna styttingar. Kennarar Tónskólans funda tvisvar á haustönn til að útfæra spennandi uppbrotsviku. Kennarar skrá sína nemendur í minnst tvö til þrjú námskeið í uppbrotsviku eftir að dagskrá hefur verið kynnt nemendum og foreldrum. Nemendur gátu sótt eftirfarandi námskeið á mismunandi tímum og stöðum árið 2024.

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
			9:00-09:45 Rimaspuni 1 09:45-10:30 Rimaspuni 2		
					11:00-12:30 Strengiápartý
					13:00-13:55 Heimastúdíó og lagasmíðar
					14:00-14:55 Heimastúdíó og lagasmíðar
					15:00-15:55 Heimastúdíó og lagasmíðar
15:00-15:30 Langspil	15:00-16:00 Flautuflug	15:00-16:00 Gítarsamspil	15:00-15:45 Framkoma	15:00-15:50 Tónheilun	
15:45-16:15 Langspil			15:45-16:30 Framkoma		15:30-16:15 Píanómeistara- verk
		16:00-16:55 Barökk eða rómantík?	16:00-16:50 Tónheilun	16:00-16:50 Spuni	15:30-16:15 Orgelkynning
16:30-17:00 Langspil			16:30-17:30 Gítarmeistaraverk		16:30-17:15 Píanómeistara- verk
17:15-17:45 Langspil	17:15-18:30 Klezmer tónlist	17:00-17:55 Barökk eða rómantík?	17:00-17:50 Tónheilun	17:00-17:50 Spuni	16:30-17:15 Orgelkynning
			18:00-18:50 Tónheilun		16:30-17:30 Flautuflug

Salur
Stofa 2
Rimaskóli
Grafarvogskirkja

Tónfundir og tónleikar

Á hverri önn leikur hver nemandi á einum tónfundi og einum tónleikum hið minnsta. Undantekning er þar á ef nemandi er algjör byrjandi eða glímur við einhverjar hindranir.

Tónfundir geta tekið á sig margar myndir. Nemendur geta þar leikið verk í vinnslu eða lagt verk til hliðar með lokaflutningi. Sem dæmi má nefna:

- *Nemendatónfundi* þar sem nemendur hvers kennara hittast og leika verk sín fyrir aðra nemendur. Þá geta kennarar einnig skipst á nemendum og nemendur hlotið leiðsögn frá öðrum kennurum á tónfundi (masterclass). Nemendatónfundi skal gjarnan nýta sem lið í leiðsagnarnámi. Nemandi deilir þá gjarnan markmiðum sínum með flutningi á tilteknu verki eða önnur markmið sem hann hefur sett sér á önninni og hlýtur uppbyggjandi endurgjöf frá nemendum og kennurum. Nemendatónfundir eins og tónleikar geta líka haft ákveðin þemu. Þemað getur verið að leika áður æfð verk sem er í leiðinni hvatning til að halda eldri verkum í æfingu. Þemað getur einnig verið bundið við tónlistarstíl, spuna (kennari spilar hljóma og nemendur spinna laglínur yfir) eða frumsamin verk.
- *Foreldratónfundi* sem eru að miklu leyti í sniði tónleika en eru óformlegri. Slíka tónfundi má gjarnan nýta til að æfa ákveðna þætti eins og framsögn (nemendur kynna verkin og markmið sín) eða framkomu (líkamsburð, hneigingar og fleira). Kennari kynnrir þá foreldrum fyrirfram hver markmið tónfundarins eru.
- *Tónfundi* þar sem foreldrum er boðið í einskonar viðtal og kennari sýnir hvernig kennslustund fer fram og nemandi leikur eitt verk í vinnslu. Í slíku viðtali fræðir kennari foreldra um sínar kennsluaðferðir og þann stuðning sem foreldrar geta veitt nemandanum í tónlistarnáminu. Kennari getur nýtt slíkt viðtal til að ræða markmið og væntingar.
- *Tónfundi í grunnskólanum* þar sem nemendur leika fyrir framan bekkjarsystkini sín í grunnskólanum inn í kennslustund eða í samveru. Tónfundir geta verið skipulagðir í samráði við tónmenntakennara, umsjónarkennara eða deildarstjóra árganga. Tónflutningur má gjarnan sambætta við annað nám. Áhugavert er að tengja verk, tónskáld, tímabil eða heimshluta við annan lærdóm sem fer fram inn í skólastofunni. Víða er hefð fyrir söng á sal og þá væri tónlistarflutningur einnig viðeigandi.

Tónleikar nemenda geta farið fram innan skólans sem utan. Nemendur sem hafa sjálfstraust og getu leika gjarnan utan skóla við hin ýmsu tækifæri, sjá nánar hinar ýmsu uppákomur og viðburði sem skólinn tekur þátt í hér að ofan.

Undirbúningur kennara fyrir tónfundi og tónleika.

Á tónleikum skólans er ætíð rafræn efnisskrá ásamt tveimur útprentuðum eintökum, eitt sem hangir upp á vegg og annað sem kennarar hafa við hönd til að kynna tónleika. Valkvætt er að vera með efnisskrá á tónfundum en hún er vel við hæfi ef tónfundur er formlegur og foreldrum boðið. Kennarar sjá um að kynna sína tónfundi.

Kennarar bera ábyrgð á því að salur eða rýmið þar sem tónfundir eða tónleikar fara fram sé frambærilegt. Ekki er hægt að ganga að því vísu að búið sé að stóla upp fyrir tónleika. Kennara sem standa að tónleikum þurfa því að tala sig saman og ganga úr skugga um að rými sé tónleikahæft. Opið skal vera inn í tónleikasal eða rými a.m.k. 20 mínútum fyrir tónleika og kennarar viðstaddir í rýminu í móttöku gesta og undirbúningi. Kennslu og upphitun fyrir tónleika skal vera lokið hálf tíma fyrir tónleika.

Barnameningarhátíð

Skólinn tók fyrst þátt í Barnameningarhátíð árið 2023 með flutningi á Pétri og úlfnum þann 19. apríl í Grafarvogskirkju. Kennarar höfðu lagt drög að öðrum eins tónleikum með flutningi á Karnivali Dýranna árið 2024. Þau plön þurftu að víkja þar sem til mikillar gleði var skólanum boðið að stækka leikskólaverkefni Tónskóla Sigursveins með aðkomu Reykjavíkurborgar. Skólinn hafði óskað eftir samstarfi um verkefnið tveimur árum áður en þá vantaði viðbótarstuðninginn sem þurfti til frá Reykjavíkurborg. Í vor varð þetta samstarf að veruleika með aðkomu Skólahljómsveitar Grafarvogs og náði hápunkti með tvennum stórum tónleikum í Grafarvogskirkju þann 24. apríl. Skólahljómsveitin lagði til hljómsveitarstjóra, nemendur á klarínnett, flautu, rafmagnsbassa og trommur. Tónskólinn í Reykjavík lagði til strengjaleikara, flautuleikara, píanóleikara, forskólanemendur, söngstjóra og verkefnastjórn. Tónlistarskólinn útvegaði jafnframt húsnæði fyrir leikskólaheimsóknir í tónlistarskólann og tónleikastað með samstarfi við Grafarvogskirkju. Tónskóli Sigursveins sá um að láta útsetja, hljóðrita og veitti leiðsögn með aðstoð starfsmanna Reykjavíkurborgar sem leiddu saman leikskóla og tónlistarskóla.

Regnbogi meistarans				
Æfingaplan				
Dags.	Kl.	Staður	Boðaðir	Tegund
12-Mar	19:00-20:00	Húsaskóli	Samæfing með skólahljómsveit	Rennsli fyrir æfingu með leikskólabörnum
19-Mar	09:00-14:45	Salur Hverafold 5	Leikskólar heimsækja skólann og hljómsveit	Æfing með hljómsveit og hljóðfærakynning
16-Apr	19:00-20:00	Húsaskóli	Samæfing með skólahljómsveit	Rennsli fyrir lokaæfingu með forskólabörnum
22-Apr	16:30-18:00	Grafarvogskirkja	Hljómsveit og forskólabörn	Lokaæfing - hljómsveit og forskóli
24-Apr	12:30-15:44	Grafarvogskirkja	Hljómsveit, forskólabörn og leikskólabörn	Tvennir tónleikar kl. 13:30 og 15:00



EINKANÁM

Tónskólinn í Reykjavík býður upp nám á hin ýmsu hljóðfæri, þar á meðal píanó, gítar, fiðlu, víólu, selló, þverflautu, söng og harmóníku. Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Að jafnaði fer hljóðfæranám fram í einkatímum. Í fullu námi fær nemandinn 2x 30 mínútna kennslu í aðalgrein í viku hverri. Einnig boðið upp á 2x 20 mínútna kennslu í viku hverri fyrir yngri börnin sem telst 66% nám eða hálf nám sem er 30 mínútur á viku. Í náminu er lögð áhersla á samleik af ýmsu tagi og að nemendur komi fram á tónleikum innan skólans, sem utan. Til að auka aðgengi barna að tónlistarnámi býður skólinn nú upp á samkennslu fyrir byrjendur. Námið er í anda einkanáms nema tveir nemendur sækja þá tíma saman og fá þess í stað lengri tíma með kennara.

Samhliða hljóðfæranámi sækja nemendur, 10 ára og eldri, tíma í tónfræðagreinum. Í grunn- og miðnámi er um að ræða samþætt nám í tónfræði, tónheyrn, hlustun og sköpun. Yngri nemendur nema tónfræði undir handleiðslu hljóðfærakennara en stuðst er við námsefni eftir Magneu Gunnarsdóttur. Í framhaldsnáminu tekur við hljómfræði, tónheyrn og tónlistarsaga.

KENNSLUAÐFERÐ OG PRÓF

Leiðsagnarnám

Algengasta kennsluaðferð tónlistarskóla er leiðsagnarnám hvort sem kennarar notist við aðferðina meðvitað eða ómeðvitað. Aðferðina má greina í fimm þætti samkvæmt Shirley Clarke en einnig má lesa um aðferðina hér <https://adalnamskra.is/greinar/leidsagnarmat> og í bók Nönnu Kristínar Christiansen, Hvað er leiðsagnarnám.

1. Kennari og nemandi koma sér saman um markmið.
 - Hver eru hæfniviðmiðin?
 - Hvað segir aðalnámskrá tónlistarskóla og okkar starfskenning?
 - Hverjar eru þarfir og óskir nemenda?
 - Hver er raunverulegur tilgangur námsins?
 - Hvað uppskera nemendur með námi og prófum?
2. Vörður markaðar í námi og skipulag. Markmið sett.
3. Endurgjöf kennara, samnemenda, foreldra, sjálfsmat.
4. Áhugavakning, viðmið og fyrirmyndir.
5. Endurmat, ný markmiðasetning.



Vorpróf

Á vorin þreyta nemendur vorpróf. Samkvæmt skóladagatali gefst kennurum kostur á að nýta vorprófsdaga til að standa fyrir formlegum vorprófum. Kennarar í fullu starfi nýta tvo daga í vorpróf en einn dag séu þeir í hálfu starfi. Kennarar þá sig þá saman og prófdæma nemendur hjá hvor öðrum með skriflegri endurgjöf. Nemendur geta þá ýmist undirbúið tvö verk eða eitt verk og viðeigandi tónstiga.

Annar valmöguleiki er að nemendur hljóti endurgjöf fyrir flutning verks eða verka á tónleikum. Kennarar hlýða þá á nemendur hjá hvor öðrum og veita þeim skriflega endurgjöf. Kennarar eiga þá kost á að prófa sína nemendur í tónstigum í kennslustund. Kjósi kennari að að vera með tónleikapróf þarf ekki að fella niður kennslu á vorprófsdögum í skóladagatali.

Stigspróf og áfangapróf

Stigspróf og áfangapróf geta farið fram síðla haustannar, á miðri vorönn eða í maí. Leiðbeiningar um stigspróf má finna inn á kennarastofu í tilskyldum möppum ásamt safni verka eftir erfiðleikastigum. Sjá einnig prófkröfum á Speedadmin og á lokasíðu skólahandbókar. Þegar nemendur þreyta stigpróf kemur prófið í stað einnar kennslustundar. Kennarar prófdæma í stigsprófum hjá hvor öðrum þegar þeir finna tíma til þess. Allar upplýsingar um áfangapróf má finna í prófahluta aðalnámskrár tónlistarskóla hvers hljóðfæris og á vefsíðu Prófaneftar.

STRENGJAHljÓMSVEIT

Auður Hafsteinsdóttir er deildarstjóri strengjadeildar og stjórnar strengjasveit skólans. Strengjasveitin kemur fram á tónleikum skólans og á öðrum upptökum. Strengjasveitin hefur meðal annars komið fram á svæðistónleikum Nótunnar. Síðastliðin ár gegnir strengjasveitin mikilvægu hlutverki á tónleikum á Barnamenningarhátíð.

Auður lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði framhaldsnám við New England Conservatory í Boston og lauk Bachelor of Music gráðu með hæstu einkunn. Auður lauk Master of Music gráðu frá University of Minnesota. Auður hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir leik sinn. Auður hefur komið víða fram sem einleikari og í kammarmúsik á alþjóðlegum vettvangi, m.a í



Bandaríkjunum, Kanada og víða á meginlandi Evrópu. Einnig hefur hún farið í tónleikaferðir til Japan og Kína. Auður hefur leikið inn á fjölda geisladiska fyrir innlend og erlend útgáfufyrirtæki og fengið frábæra dóma fyrir leik sinn.

GÍTARSVEIT

Gítardeildin í tónlistarskólanum hefur stóreflst síðustu tvö ár og meiri áhersla er lögð á samspil í gítarsveit. Gítarnemendum hefur fjölgað úr 25 árið 2021 í 48 árið 2023. Samspilið eykur leikgleði meðal nemenda og eflir þá mjög félagslega. Frá haustinu 2024 gegnir Javier hlutverki deildarstjóra og mun stýra öllum gítarsveitum skólans. Hans markmið eru að efla leiðsagnarnámið og endurvekja stigspróf innan gítardeildarinnar til að auðvelda gítarnemendum að ljúka grunnprófi. Javier hefur einnig metnað til að mynda rytmískar hljómsveitir með samstarfi við bassa- og trommunemendur úr öðrum skólum.

Javier lærði tónlist og viðskiptafræði í Saint Louis University í Madrid og lauk jafnframt gítarkennaraprófi frá Royal Academy of Music. Síðar lauk hann meistaranámi frá Guildhall School of Music and Drama. Javier hefur gefið út geisladiska með eiginkonu



sinni Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur mezzosópran. Hann hefur áralanga reynslu af gítarkennslu, tónleikahaldi og stjórnun í Madrid, London og Íslandi.

FORSKÓLINN

Tónskólinn í Reykjavík býður upp á fornám til tveggja ára. Flest börn hefja námið í fyrsta eða öðrum bekk. Forskólinn er alhliða tónlistarnám en miðar jafnframt að því að undirbúa börn undir einkanám á hljóðfæri. Kennt er í hóp og áhersla lögð á að veita alhliða tónlistarþjálfun með sampili, sköpun, spuna, hlustun, hreyfingu, kroppaklappi og hrynleikjum. Á fyrra forskólaári er áhersla lögð á röddina, blokkflautu, ásláttarhljóðfæri, sílófón og önnur Orff hljóðfæri. Á seinna ári læra börnin á ukulele og hljómborð en jafnframt er mikil áhersla á söng. Vegna eftirspurnar býður skólinn nú upp á sönghópa fyrir nemendur sem hafa lokið tveimur árum í forskóla. Í sönghópum halda börnin áfram að rækta raddir sínar og samsöng samhliða einkanámi á hljóðfæri. Forskólinn og sönghópar mynda kóra skólans sem koma reglulega fram á skólaárinu. Kennarar forskólans eru Auður Guðjohnsen og Valdís Gregory.

Auður Guðjohnsen hefur lokið mastersnámi í listkennslu frá Listaháskóla Íslands. Áður lauk hún Burtfarar- og söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík. Auður er mezzosópran og hefur víða komið fram héraendis sem og erlendis. Hún hefur unnið



áralangt við tónlistarsköpun og söng með börnum innan sem utan skólakerfisins og gaf út söngbók fyrir börn, *Tónlistin er þín*, www.tonafundur.com. Auður starfar við tónsmíðar, söng, barnakórstjórn og tónlistarkennslu á Íslandi.

Valdís Gregory hefur lokið mastersnámi í söng frá Chicago College of Performing Arts og bakkalárnámi í tónlist með láði frá University of Hartford. Hún lærði á fiðlu og píanó sem barn og er alin upp í Kórskóla Langholtskirkju. Valdís hefur hlotið ótal styrki og verðlaun fyrir frammistöðu sína í söng hefur meðal annars sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Valdís hefur margra ára reynslu af forskólakennslu.

SAMSTARF

Leikskólar

Skólinn starfar samkvæmt *Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030* og er í virku samstarfi og samtali við leik- og grunnskóla Grafarvogi, Grafarholti, Úlfarsárdal og Fossvogi. Tónskólinn í Reykjavík heimsækir leikskólana í júní og býður ýmist vinnusmiðjur, hlustunarefni eða tónlistartengt föndur. Samstarfið við leikskólana heldur svo áfram í gegnum leikskólaverkefnið á Barnamenningarhátíð.

Grunnskólar

Skólastjórn er í virku samtali við grunnskóla þar sem skólinn er með starfstöðvar og vinnur stöðugt að því að koma á samstarfi milli tónlistarkennara og grunnskólanna.

Kennsla í grunnskólum kallar á samtal milli fleiri hagamunaaðila. Tónlistarkennarar þurfa að eiga í samtali við umsjónarkennara og listgreinakennara til að stilla saman strengi eða tengja tónlistina við annað nám. Þetta samtal getur átt sér stað óformlega á göngum skólans í upphafi skólaárs þar sem tónlistarkennari kynnir sig og óskar eftir virku samtali og samstarfi. Tónlistarkennarar þurfa að verða sér út um skóladagatal hvers skóla og vera í samtali við skrifstofuna til að fá vitneskju um þemadaga eða ferðir. Séu grunnskólar lokaðir þegar kennsla á að fara fram, býður kennari nemanda að sækja tíma í tónlistarskólann. Það er undir nemendum eða foreldrum komið hvort boðið er þegið. Foreldrar bera ábyrgð á námi barnanna og að fylgja námi eftir í þeim tímum sem þeir missa úr. Foreldrar eiga að upplýsa skólann um að börn verði tekin úr kennslustund til að sækja tónlistartíma og hvenær. Þetta ítrekum við kennarar þegar við skipuleggjum tímana með foreldrum.

Aðrir tónlistarskólar

Tónskólinn í Reykjavík hóf samtal við Skólahljómsveit Grafarvogs um framtíðarsamstarf vorið 2023. Leikskólaverkefnið var frábært tækifæri til að hefja samstarfið vorið 2024 og við það komst einnig á samstarfs við Tónskóla Sigursveins. Skólahljómsveitin og Tónskólinn í Reykjavík vinna einnig náið saman í upphafi skólaárs til að skipuleggja nýtingu á kennslurýmum sem standa til boða innan grunnskólanna.



VINNUSTAÐAMENNING

Upplýsingamiðlun og samskipti

Kennarafundir eru mikilvægir og þá ber kennurum að sækja og hliðra sinni dagskrá til að geta mætt á þá. Kennarafundir eru fjórum til sex sinnum yfir skólaárið en þar er mikilvægum upplýsingum miðlað og ákvarðanir varðandi skólustarfið teknar með aðkomu allra kennara. Stjórnendur og kennarar miðla öðrum mikilvægum upplýsingum í gegnum tölvupósta sem starfsfólki ber að lesa og bregðast við eftir þörfum. Önnur samskipti eru stöðug milli kennara og stjórnenda með óbeinum eða beinum hætti.

Bein samskipti myndu teljast símtöl, facebook skilaboð, eða sms skilaboð. Til að takmarka áreiti og virða friðhelgi hvors annars notum við einungis bein samskipti þegar viðfangsefni er áriðandi og getur ekki beðið, til að gleðja hvort annað eða bjóða hvoru öðru á kaffistofu kennara.

Óbein samskipti eru til dæmis tölvupóstur eða skilaboð í facebookhóp kennara. Tölvupósta má senda hvenær sem er að degi en viðtakandi þarf ekki að lesa hann um leið og hann berst. Starfsfólk er hvatt til þess að slökkva á tilkynningum um tölvupósta í sínum sínum svo þeir verði ekki fyrir áreiti frá þeim í frítíma. Við temjum okkur að lesa og svara tölvupóstum eftir þörfum innan tveggja virkra daga frá því þeir berast.

Jafnvægi milli vinnu og frítíma

Samkvæmt kjarsamningum KÍ skal hver kennari sem kennir 10 kennslustundir á viku, nýta annan eins tímafjölda í undirbúning, fagleg störf og aðrar skyldur tengdar vinnunni. Reyndir kennarar þurfa sjaldnast svo mikinn undirbúning en þó eru alltaf einhverjar vinnutarnir. Vinnutími kennara er mjög mismunandi og óreglulegur. Flestir reyna þó að eiga frí á kvöldin og um helgar. Reynum eftir bestu getu að eiga bein samskipti milli kl. 9:00-16:00 á virkum dögum. Ef málið þolir bið en við viljum miðla einhverju utan þessa tímamarka þá sendum við tölvupóst. Tölvupóstar þurfa alls ekki að vera formlegri en skilaboð eða símtöl. Þurfi kennarar leiðbeiningar eða aðstoð við að leysa einhver mál þá skipuleggjum við okkur svo við getum leyst þau mál á dagvinnutíma. Bókum endilega fundi saman því það er nærandi fyrir okkur að hittast.

Endurmenntun. Kennarar eru hvattir til að sækja sér endurmenntun og nýta hina ýmsu styrki frá sínu stéttarfélagi. Skólastjórn býður fram sína aðstoð í að finna nám við hæfi óski kennarar þess hvort sem um ræðir nám til starfsþróunar eða sjálfsefningar. Sjá styrktegundir hér: <https://www.ki.is/kjaramal-og-styrkir/styrkir-og-sjodir/> og <https://www.fih.is/umsoknir/starfsmenntunarsjodur-fih/>

Skemmtinefnd. Að hausti velja kennarar sér 2-3 fulltrúa í skemmtinefnd en nefndin kemur að því skipuleggja námsferðir eða viðburði kennara. Nefndin má einnig koma með tillögur að jólahátíð eða vorhátíð skólans. Skemmtinefnd er vakandi fyrir stórafmælum kennara svo hægt sé að fagna eða slá saman í gjafir.

Góðar venjur og siðir

Við temjum okkur að baktala ekki hvort annað. Við óskum frekar eftir samtali eða leitum lausna til að leysa ágreining eða bæta starfsumhverfið. Komi upp erfið mál geta kennarar leitað til trúnaðarmanns en einn kennari skólans gegnir því hlutverki hverju sinni.

Við deilum nytsamlegum upplýsingum og fróðleik með okkar samstarfsfólki til að ná sem bestum árangri sem ein heild. Þannig stuðlum við að góðum starfsanda og tileinkum okkur lærdómshugarfar. Við tökum vel á móti nýjum starfsmönnum og styðjum þá í að koma sér inn í starf á nýjum vinnustað

Við sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi og temjum okkur jákvætt hugarfar. Við biðjumst afsökunar ef okkur verður á í messunni og tökum vel á móti afsökunarbeiðni. Við vinnum vinnuna okkar með góðum ásetningi og þiggjum leiðsögn með opnum hug því góða vinnu má alltaf aðlaga eða bæta.